

Bergstaðastræti 78 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Skoðuð er fyrirspurn Wings Capital hf. dags. 19. október 2023 um að rjúfa garðvegg og bygginga bílskúr á lóð nr. 78 við Bergstaðastræti. Fyrirspurn fylgja skýringarmyndir Trípólí arkitekta dags. 19.10.2022.



Fyrirhuguð staðsetning bílskúrs



Götumynd sem sýnir mörk bílskúrs og gat í vegg

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Samkvæmt landnotkun gildandi aðalskipulags er Bergstaðastræti nr. 78 í skilgreindri íbúðarbyggð (ÍB12).

Deiliskipulag: Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir lóðina. Hverfi innan Hringbrautar njóta sérstakrar hverfisverndar.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Hverfisvernd innan Hringbrautar



Afstöðumynd

Umsögn

Eins og áður segir nýtur hverfið sérstakrar hverfisverndar þar sem m.a. er horft til verndunar götumyndar. Ennfremur er horft til þess að raska ekki frekar umferðaröryggi gangandi vegfarenda og barna.

Niðurstaða

Ekki er fallist á erindið.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sigríður Maack, arkitekt